

Reykjavík, 04.júlí. 2024

Víðimelur 66 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa – USK24020114

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. maí 2024 var lögð fram fyrirspurn Árna Gríms Sigurðssonar, dags. 12. febrúar 2024, um að koma fyrir bílastæði á austurhorni lóðarinnar nr. 66 við Víðimel, samkvæmt tillögu, ódags. Einnig var lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 10. maí 2024. Fyrirspurn er lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 4. júlí 2024.



Loftmynd Borgarvefsjá



Götumynd Víðimelur 66

Skipulag í gildi

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin á íbúðarbyggð. Ekki er gildi deiliskipulag fyrir lóðina.

Umsögn

Samkvæmt samþykktum teikningum frá 1941 var samþykkt bílastæði og bílskúr á lóðinni á norðvesturhlíð hússins, samanber ljósmynd hér að ofan sem sýnir að op hefur verið gert fyrir bíla.

Almennt er ekki tekið jákvætt í að gera ný bílastæði á lóðum í gróinni byggð til að tryggja umferðaröryggi. Þar sem það er verið að óska eftir að færa bílastæði til að vernda gamla furu, er ekki gerð skipulagsleg athugasemd við að færa bílastæðið líkt og fyrirspurnarsteiking sýnir. Bent er á að mælt er með gegndræpu yfirborðsefni í notkun bílastæðisins.

Niðurstaða

Jákvætt samanber umsögn hér að ofan.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfalli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Valný Aðalsteinsdóttir, arkitekt og verkefnastjóri